



Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	24.05.2018
Málalýkill	05.50
Mál nr.	1710153

Garðabær
Garðatorgi 7
Gunnar Einarsson
210 Garðabæ

Reykjavík í maí 2018

Efni: Aldarafmæli sjálfstæðis og fullveldis Íslands.

Í ár fögnum við aldarafmæli sjálfstæðis og fullveldis Íslands. Í lok árs 2016 skipaði Alþingi nefnd til að fylgja eftir þingsályktun þar um. Nefndin hefur unnið ötullega að undirbúningi og framkvæmd þingsályktunarinnar og hófst afmælisdagsráðin í upphafi ársins með frumsýningu á stuttri mynd um fullveldi Íslands. Síðan þá hafa fjölmargir viðburðir verið um land allt og nú er í undirbúningi dagskrárblað fyrir seinni hluta afmælisársins. Blaðið verður borið inn á hvert heimili á landinu og verða kynntir um 250 viðburðir sem fara fram um land allt.

Í þingsályktun er m.a. kveðið á um að afmælisnefnd skuli „hvetja skóla til að beina sjónum að þeim merku tímamótum sem urðu í íslensku samfélagi með sambandslögunum árið 1918“. Á vefsíðu afmælisársins er að finna flokk sem heitir „Hvað viltu vita um 1918?“ þar er að finna ýmsan fróðleik og námsefni fyrir skóla. Sem dæmi má nefna stuttmyndina Fullveldi Íslands 1918-2018 sem fjallar í stuttu máli um sjálfstæðisbaráttu Íslendinga með áherslu á þann mikilvæga áfanga sem náðist þegar Ísland varð fullvalda þjóð árið 1918, námsbókina 1918 og kennsluleiðbeiningar ásamt fleiru. Ítarlegar upplýsingar um efni flokksins „Hvað viltu vita um 1918?“ er meðfylgjandi í fylgiskjali 1. Afmælisnefnd hefur átt í samtali við Kennarasamband Íslands og Skólastjórafélag Íslands um þennan þátt þingsályktunarinnar og munu þessi félög aðstoða við að koma upplýsingum um fræðsluefnið á framfæri.

Dagskrá afmælisársins er mótuð af landsmönnum. Sl. haust var kallað eftir tillögum að verkefnum og valin voru um 100 verkefni af öllu landinu inn á dagskrána og nú eru tæplega 300 viðburðir skráðir á dagskrá afmælisársins. Enn er tækifæri til að taka þátt í afmælisárinu með því að skrá verkefni inn á dagskrárvef afmælisnefndar á slóðinni <https://www.fullveldi1918.is/is/skra-vidburd>. Því er ljóst að viðburðum á enn eftir að fjölga. Afmælisnefnd stendur fyrir öflugum kynningarstarfi á þeim viðburðum sem eru á dagskrá ársins. Sem dæmi má nefna að afmælisnefnd kaupir kynningu á facebook á alla viðburði sem eru skráðir á dagskrá afmælisársins og tengir viðkomandi við kynninguna ef því verður við komið. Einnig er boðið upp á að setja inn myndir og stuttar fréttir frá undirbúningi viðburða sem og fréttir og myndir að afloknum viðburði. Vikulega sendir afmælisnefnd út rafrænt fréttabréf þar sem dagskrá næstu viku er kynnt.

Afmælisnefnd hefur látið útbúa fána afmælisársins og hvetur til almennrar notkunar á honum á afmælisárinu t.d. í tengslum við viðburði sem haldnir eru í tilefni afmælisársins, á hátíðisdögum s.s. 17. júní, 1. desember á bæjarhátíðum, við menningarstofnanir og öðrum tilefnum sem gefast á árinu. Afmælisfánana er hægt að kaupa á mjög hagstæðu verði hjá Merkismönnum, upplýsingar um verð og tengilið er að finna í fylgiskjali 2.



Afmælisnefnd fer þess á leit við sveitarfélög í landinu að taka virkan þátt í afmælisárinu. Þau hvetji grunn- og leikskóla til að líta til afmælisársins í störfum sínum og nýta sér fræðsluefni sem er á vefsíðu afmælisnefndar. Jafnframt er hvatt til að í sem flestum sveitarfélögum verði 1. desember haldinn hátíðlegur þar sem áhersla verði lögð á ungt fólk og framtíðina.

Frekari upplýsingar veitir undirrituð.

F.h. afmælisnefndar

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir framkvæmdastjóri.

ragnheidurjona@fullveldi1918.is

Símar: 563 0651 og 862 2277.

www.fullveldi1918.is

Fylgstu með okkur á facebook – [Fullveldi Íslands](https://www.facebook.com/FullveldiIslands)

#fullveldi1918

Fylgiskjöl:

1. Kynning á fræðsluefni afmælisársins
2. Upplýsingar um fána afmælisársins



Til þess sem málið varðar

Reykjavík í maí 2018.

Efni: Kynning á fræðsluefni á vef aldarafmælis fullveldis Íslands www.fullveldi1918.is

Í þingsályktun um hvernig minnst skuli aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands er afmælisnefnd falið að „hvetja skóla til að beina sjónum að þeim merku tímamótum sem urðu í íslensku samfélagi með sambandslögunum árið 1918“.

Á vefsíðu afmælisnefndar er flokkur sem heitir „Hvað viltu vita um 1918?“. Flokkurinn skiptist í þrjá undirflokka: Fræðsluefni og greinar, Námsfni fyrir börn og ungt fólk og Fullveldi Íslands 1918-2018.

1. Flokkurinn „Fræðsluefni og greinar“ hefur nú fjóra undirflokka. Fyrsti undirflokkurinn er tengill á grein á Vísindavefnum þar sem spurt er *Hvað getur þú sagt mér um árið 1918?* Annar flokkurinn heitir *Ýmsar greinar* og þar er að finna lista og tengla yfir greinar og bækur sem tengjast fullveldinu og sögu þess. Þriðji flokkurinn er *Sögulegar hagtölur*. Í þessum flokki er samstarf við Hagstofu Íslands sem hefur sett upp sérstakan vef með sögulegum hagtölum og þar stendur til að birta mánaðarlega frétt um ýmsar hagtölur sem tengjast 1918. Fjórði flokkurinn er *Vísindavefurinn* og vísar tengillinn inn á nýjan flokk á Vísindavefnum sem kallast 1918. Er afmælisnefnd í samstarfi við Vísindavefinn og kemur nýtt svar í þennan flokk vikulega allt árið. Einnig er Vísindavefurinn í samstarfi við valda skóla um spurningar, sérstök áhersla er lögð á vísindi. Þegar þetta er skrifað eru komin 19 svör í flokkinn 1918. Afmælisnefnd er einnig í samvinnu við Landsbókasafn Íslands sem heldur úti twitter-síðu sem kallast *#FyrirÖld* og er það fimmti undirflokkurinn á síðunni. Þar er birt ýmislegt áhugavert úr blöðum og tímaritum á árinu 1918.

Þessi hluti vefsíðunnar verður í þróun allt árið og er markmiðið að bæta við ýmsu fræðsluefni eftir því sem líður á árið, s.s. ráðstefnum og fundum sem tekin eru upp á árinu og fjalla um fullveldið frá ýmsum hliðum. Upptökur frá fyrstu ráðstefnunni, Fullveldi Íslands í fortíð, nútíð og framtíð, verða birtar á næstu dögum á vefsvæðinu. Fleiri upptökur munu birtast á þessu svæði þegar líður á árið.

2. Flokkurinn **Námsfni fyrir börn og ungt fólk** hefur nú fimm undirflokka. Fyrstu tveir flokkarnir samanstanda af kennslubókinni *Árið 1918* og kennsluleiðbeiningum. Þriðji flokkurinn er stuttmynd (12 mínútur) um fullveldi Íslands sem afmælisnefnd lét gera á þrem tungumálum, dönsku og ensku auk íslenskunnar. Í myndinni er farið, í stuttu máli, yfir sjálfstæðisbaráttu Íslendinga með áherslu á þann mikilvæga áfanga sem náðist þegar Ísland varð fullvalda þjóð árið 1918. Fjórði flokkurinn er *Vísindavefurinn* eins og greint er frá hér að ofan. Fimmti flokkurinn er tengill á upplýsingar um þjóðfána Íslands, sögu og notkun, og ábending um bók um fánann. Fleiri flokkar eiga eftir að bætast við, afmælisnefnd er komin í samstarf við KrakkaRÚV og verður allt efni sem þeir hafa gert um 1918 og fullveldið, s.s. útskýringar á hugtökum og sögulegir þættir, aðgengilegt á einum stað. Einnig verður gerður hugmyndabanki um verkefni sem geta tengst fullveldinu, sögu, menningu, þróun o.fl. og verður í einum flokki. Fleiri flokkar gætu bæst við þegar líður á árið og hægt er að senda afmælisnefnd ábendingar um efni sem væri hægt að deila á þessum vettvangi.

3. Flokkurinn **Fullveldi Íslands 1918** hefur að geyma stuttmynd (12 mínútur) sem afmælisnefnd hefur látið gera um fullveldi Íslands 1918–2018. Í myndinni er farið, í stuttu máli, yfir sjálfstæðisbaráttu Íslendinga með áherslu á þann mikilvæga áfanga sem náðist þegar Ísland varð fullvalda þjóð árið 1918. Myndin er aðgengileg á íslensku, dönsku og ensku.



4. Önnur verkefni. Afmælisnefnd í samvinnu við Árnastofun, Listasafn Íslands og Þjóðskjalasafnið stendur fyrir metnaðarfullri sýningu sem opnar 17. júlí nk. og stendur til 1. desember. Umfjöllunarefni sýningarinnar er fullveldi Íslands, forsendur þess og meginþættir í sjálfstæðisbaráttu og sjálfsmynd Íslendinga frá árinu 1918 og til dagsins í dag. Að sýningunni standa Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Þjóðskjalasafn Íslands og Listasafn Íslands. Meðal þess sem sjá má á sýningunni eru nokkur af dýrmætustu handritum þjóðarinnar auk verðmætra skjala og verka sem varpa ljósi á fullveldi þjóðarinnar, forsendur sjálfstæðisbaráttunnar og þann tíðaranda sem ól af sér konungsríkið Ísland árið 1918. Meginmarkmið sýningarinnar er að auka skilning á sögu Íslands og opna jafnframt leiðir fyrir nýja og persónulega túlkun gesta. Áhersla verður lögð á ólíkar miðlunarleiðir og lifandi samtal við fortíðina. Fræðslufulltrúar Árnastofnunar og Listasafns Íslands ásamt sýningarstjóra munu vinna námsefni fyrir grunnskóla og framhaldsskóla í tengslum við sýninguna og í boði verða leiðsagnir fyrir skólahópa. Auk þess verður fræðsluefni tengt sýningunni á vef stofnananna og afmælisnefndar.

Vert er að benda á að Ríkisútvarpið er með metnaðarfulla dagskrá í tengslum við fullveldisafmælið.

Í haust verður þáttaröðin *Fullveldisöldin* (10, 10 mínútna þættir) sýnd á RÚV en þættirnir eru í samstarfi við Saga film. Markmið þáttanna er að vekja athygli á stórum og stefnumarkandi stundum á þessari öld sem liðin er og einblína á konur og karla sem unnu að framþróun samfélagsmála, stjórnmála, menningar og lista á tímabilinu frá því að Ísland fékk fullveldi. Einnig verða aðdraganda fullveldis gerð skil og þar með sjálfstæðisbaráttunni. Þessir þættir hefjast 23. september og verða vikulega á dagskrá sjónvarpsins, einnig verður aðgengilegur tengill á þættina á vefsíðu afmælisársins.

Á vefsíðu afmælisársins er að finna viðburðadagatal fyrir afmælisárið. Hægt er að skrá inn viðburði á dagskrána allt árið og eru skólar hvattir til að skrá inn hátíðarviðburði og verkefni sem haldnir eru í tilefni fullveldisafmælisins. Afmælisnefndin leggur m.a. áherslu á nýsköpun og skilgreiningu á hugtakinu fullveldi. Þannig getur sprottið fram fjöldi verkefna fyrir nemendur þar sem fullveldi einstaklinga er borið saman við fullveldi þjóða, hvatt til nýsköpunar í skoðun sögunnar og ýmissa slíkra verkefna, auk þess sem tilvalið er að nýta fullveldisafmælið fyrir nemendur til að velja fyrir sér hvernig hinir ýmsu þættir mannlífs og samfélags kunna að líta út eftir önnur 100 ár.

Afmælisnefnd kaupir dreifingu á alla viðburði á samfélagsmiðlum og gefur út vikulegt fréttabréf með viðburðum næstu vikuna, hægt er að skrá sig á póstlista á heimasíðu afmælisnefndar.

F.h. afmælisnefndar



Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir framkvæmdastjóri.

ragnheiðurjona@fullveldi1918.is

www.fullveldi1918.is

#fullveldi1918



Afmælisfánar

Samið hefur verið við Merkismenn um gerð fána fyrir afmælisárið. Fánar með hvítum grunni eru í tveim stærðum. 150*108 og 175*126. Fánar með rauðum eða bláum grunni eru í stærð 120x150.

Verð og stærðir á fánunum er eftirfarandi, án vsk.

ljós bakgrunnur	
175*126	
3120.-	
Fyrir 7.m. fánastöng	

ljós bakgrunnur	
150*108	
2450.-	
Fyrir 5-6 m. fánastöng	

dökkur bakgrunnur		
120*150		
3120.-		
Allar stærðir af fánastöngum		

Pantanir sendist á fanar@merkismenn.is.

Tengiliður Símon sími 544 2030